

HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1908.

12. blað.

Gæt þú mín!

Þýðing eftir

Dr. SIG. JÚL. JÓHANNESSON



Ó, vertu hjá mér, drottinn, dimma fer
og dagur þrýtur; vertu, guð, hjá mér!
þá önnur hjálp og huggun öll mér dvín,
ó, hjálparlausra vörnin gæt, þú mín.

Minn æfidagur óðum nálgast kvöld,
mér unað lífsins hylja skuggatjöld;
og breyting, hnignun, þoka þreytir sýn
Ó, þú sem aldrei breytist, gæt þú mín.

Hvert augnablik til stuðnings þarf eg þig
og þú einn getur falli varið mig.
Mun nokkuð geta hlíft sem höndin þín?
Í hryggð og gleði, drottinn, gæt þú mín.

Eg hlæ að hverri ógn, ef á eg þig
þá engin þraut né sorgir buga mig,

og grafarvald og Hel, með sverðin sín
eg sigra, ef þú, drottinn, gætir mín.

Og sálu minni' á dánardegi lýs
frá dauðans myrkri inn í Paradís
þar skuggar hverfa, ljós hjá ljósi skín.
Í lífi' og dauða herra, gæt þú mín!



‘Hvort unir þú betur nóttinni eða deginum?’



Það virðist eins og frelsishreyfingarnar á Íslandi sé ekki allar á einn veg, eingöngu snertandi stjórnarfar landsins, þó mest beri á því máli, í heimanblöðunum, eins og eðlilegt er. Þar er önnur frelsishreyfing, er orðin er engu síður áberileg, snertandi stjórnarfar hugsana og trúar, einstaklinganna, og er það mál flutt af viturleik og heilum huga. Trúfrelsis og hugsanafrelsis mennirnir eru orðnir margir, og þegar talin eru nöfn þeirra, eru talin nöfn allra merkustu og beztu mannanna heima. Frelsisleitun í þjóðmálunum krefst frjálsrar rannsóknar í trúmálum. Svo hefir það jafnan gengið til, og er það eins á Íslandi nú og verið hefir annarstaðar um heiminn.

Fyrir hálfu öðru ári síðan, byrjaði „Nýtt Kyrkjublað“ að koma út. Það er hið valdboðna rit þjóðkyrkjunnar íslenzku og er ekki hægt annað að segja en að það sé trúar og hugsana-
stefnu þjóðarinnar, leiðbeining í rétta átt. Síra Þórhallur Bjarnason er alkunnur trúfrelsisvinur, og er hann nú einn um Kyrkjublaðið síðan á nýári í vetur. Ritgjörðir hans allar bera ekki einungis vott um frjálslyndi hans sjálfs, heldur líka anda þann sem nú er orðinn ríkjandi í landi. Það hefir mátt líkja kyrkjunni íslenzku við klukku, er hefir staðið, er stanzað hefir um dagrenningu og vísar sömu stundina þótt komið sé langt fram á dag, eftir öllum þeim guðfræðisritum að dæma sem til eru á prenti.

Kyrkjan hefir staðið síðan á 17. öld, og er því orðin hraparlega á eftir tímanum. Hún var sett á stað með frelsishreyfingunni um miðbik 19. aldar, en var ekki færð, svo hún hefir orðið of sein. En nú eru þeir að smá fara hana, lærifeðurnir við prestaskólann, svo hún er ekki orðin meira en fjórðung aldar á eftir, alls yfir, ef dæma má eftir aðsendum ritgjörðum í Kirkjublaðinu. Vitanlega er stundarvísir sjálfra leiðtoganna ekki svo langt á eftir, og gætum vér trúað að hann fylgdi, í þeim enum, fyllilega með jarðar eða sólarganginum.

Ýmsar greinir í Kirkjublaðinu, eftir ritstjórnann, sanna það ljóslega, og mætti benda á „Freistingarsögu Jesú“ í 5. tbl. þ. á. sem dæmi. Þar er skýrt tekið fram hversu sagan hafi myndast út úr þjóðtrú fyrri tíma, og hvaða þýðing slíkar „dæmisögur“ hafi fyrir þessa tíma. Eftir því sem séð verður er það líka verk ritstj. útlekking og upptekning ýmsra greina eftir Dr. Reginald J. Campbell í Lundúnum; höfund „Nýju Guðfræðinnar“ svo nefndu. Flestar þær ritgjörðir meðhöndla hinar fornu Orþodoxu kreddur og útskýra þær burt úr trúnni og hugum manna.

Eins og nú horfir, væri hin trúarlega afstaða Reykjavíkur guðfræðinganna hin trúarlega afstaða meiginheildar íslensku kyrkjunnar, með þeim framförum er allar líkur benda til að verða muni, fara senn allir Íslendingar að geta sameinast á ný, innan einnar kyrkju—radikalarnir líka, svo að ein verði kyrkja allra Íslendinga, —*íslenska* kyrkjan— og ein trú og trúarjátning, að leita sannleikans og „að treysta mannsandanum til að þekkja og kannast við sannleikann, hvaðan sem hann kemur.“

Þessi rýmkunar stefna í kyrkjumálunum, er farið hefir fjarska hægt upp til síðustu tíma, hefir þó ekki verið látin óátalin, frá því allra fyrsta, á Íslandi frekar en annarstaðar. Er það bæði einkennilegt og stundum kátlegt, þegar litið er til baka, að horfa á hvernig menn hafa staðið, bæði hver gagnvart öðrum og breytt hliðum á því máli. Það er gömul saga, ekki þó án þýðingar fyrir það sem nú er að gjörast, deilan út af Viðeyjarbókinni, Njólu, Jóhannesar guðspjalli, Trúfrelsi o. fl. En það er mikið yngri saga, deilan út af „Steingjörfingum“ Péturs byskups,

er ráðist var á hér vestra, af þeim mönnum er að öllum líkindum myndu ekki finna Dr. Pétri það til foráttu nú, að skoðanir hans á Kvöldmáltíðar sakramentinu vari ólútetskar þó hann leggi áherzluna á það sem minningar athöfn, því svo mjög hafa þeir sjálfir hallað til og mæðast nú við að verja þær skoðanir er þeir þá átöldu mest.

Þó er sagan enn yngri af prestastefnunni í hinu forna Hóla-stipti, árið 1903, er síra Matth. Jochumsson mælti fram með endurskoðun trúarjátninganna og að þjóðkyrkjan íslenska feldi úr játningum sínum ýmsar fornleifar svo sem um glötun ungbarna, eilífa útskúfun o. s. frv. Undarlega var því máli þá tekið og það af þeim mönnum er síðan hafa sýnt hið mesta frjálssyndi í þeim sökum, ef fara má eftir blaðafréttunum þá, til dæmis, eins og af Hjörleifi próf. Einarssyni og Zophoníasi próf. Halldórsyni, er báðir mæltu fastlega á móti. Máli því hefir kannske verið helzt til snemma hreyft, en ótrúlegt er að „rödd samvizkunnar“ hafi ekki um það leyti talað svipuðum orðum í þeirra brjóstum og síra Matthíasar. Þó var furðan meiri hvað „Verði ljós“ fór óverðugum orðum um þá tillögu Síra Matthíasar. Ritstj. Síra Jón Helgason, er þá var farinn að mæla með Biblíu rannsóknunum, er hefði þó sannarlega átt að vera viðkvæmara mál öllum fornugsandi guðfræðingum, þar sem þær raska algjörlega skoðun eldri tíma — og Lúters tíma — á ritningunni, heldur en þótt yfirskoðaðar væru trúarjátningarnar, *er byggjast* eingöngu á *þýðing* þeirri er *menú* lögðu fyrrum í orð ritningarinnar, mótmælti freklega tillögu Síra Matthíasar, og sagði að það væri „eins og annað hringlið í Síra Matth.“

En nú eru trúarjátningarnar ekkert annað en „samsafn af kenningum.“ Og í „Kyrkjublaðinu“ (No. 9 þ. á.) segir Síra J. H. að Kristindómurinn sé fyrst og fremst líf, eins og líka flestir hugsandi menn munu játa með honum. „Kristindómurinn er *ekki* kenning, heldur *líf*, ekki orð heldur kraftur, ekki teikn, heldur fyllingin sjálf“ (bls 97). „Það var, eins og líklega flestir vita, eitt af aðal einkennum Farísea að þeir álíta átrúnaðinn vera samsafn af kenningum og sannt trúnaðann þann einn er viðurkendi þessar kenningar. — Þetta er einmitt eitt af þeim

höfuðatriðum, sem Jesús var að berjast á móti," (bls. 99). Að líkindum fengi þessi forna tillaga Síra Matth. betri byr hjá Síra J. H. nú, og þeim fleirum er mótmæltir voru áður.

Auk þessarar alvarlegu hliðar trúfrelsisviðleitninnar íslenzku má einnig víða sjá, þar eins og hér, kýmniðhlíðina á mótstöðu tilraunanna, þar sem uppjórtrað andleysið er að bera fyrir sig fæturna og reyna til að standa þvert í götu fyrir framförunum. Þarf ekki annað en benda á Ástvald og hans nóta með „Fírfat-
ið“ er gott hugsa til glóðarinnar og greinilegust hafa landaþrúf-
in yfir ókunna landið. Í fjarlægðinni héðan hafa ýmsir haldið því fram, að hann væri sannur eldsóknari íslensku þjóðarinnar, og hafa menn viljað styrkja hann að því verki, með nokkrum vasapeningum. Í fornum sögum var það mjög frægt verk að sækja eld,— himna eldinn,— og mætti vel við una ef enn væri svo. En það gjörist ófrægt verk að sækja eldinn til Helvítis, jafnvel þó trúarskarið sé lítt logandi og „kalt sé við kórbak“.

Enda hafa allar tilraunir innri missiónarinnar lítið gjört annað, enn sem komið er, en flýta fyrir umbótaverkinu.

Nú með síðustu blöðum Norðurl. berst enn í viðbót ein kýmniðmynd gamallar trúvarnar, þar sem einhver Gook, enskur æðistrúar postuli auðsjáanlegur, verður fokvondur við Síra Matth. útaf sögunni af Jónasi og hvalnum. Eitthvað hljóta hugsanafæri þeirra manna að vera útafbrugðin því venjulega, er telja það kristindómsskilyrði að sú saga sé ekki véfengd sem virkilegur viðburður, og höfðum vér hugsað að það væri oss einum gefið hér vestra að telja þá menn í hópi er segja mönnum hvalssögur til trúarstyrkingar.

En hvað sem þessu líður eru framfarirnar, rýmkuð í skoðanalegu tilliti svo miklar í ísl. kirkjunni að það eingöngu verður ekki þjóðinni sjálfri mikill styrkur í menningarbaráttunni, heldur og líka ómótmælanlegur vottur þess að andlegu málin öll eru í höndum viturra og göfugra þjóðarvina, svo þeim hefir kannske aldrei fyr verið betur komið.

„Hvort unir þú betur nóttunni eða deginum?“ var stúlkan í turninum spurð. Þeirrar spurningar eru menn og stofnanir spurðar nú. Það er reynt til að fá menn til að horfa í rifuna á

veggnum og sýna þeim krásirnar, er bíða *kveld*-máltíðarbarnanna fyrir handan. Kyrkjan íslenska hefir svarað þeirri spurningu. Hún er laus úr hjátrúar og svartaldar klónum. Og turninn er fallinn!



UM VEÐRIÐ.

eftir

JEROME K. JEROME



Níðurl.



ÞAD MINNIR MIG á aðra tegund af veðri, sem eg get alls ekki þolað, og það er: „Aprílveður“ (kallað Aprílveður af því það kemur æfinlega í Maí). Skáldin halda að það sé mjög skemtilegt. Af því það er aldrei stöðugt fimm mínútur í einu líkja þeir því við kvennfólkið, og þess vegna er það álitid að vera svo indælt. Eg kæri mig ekkert um það sjálfur. Slíkar umbreytingar geta farið mjög vel hjá stúlkunum. Það getur vel verið skemtilegt að vera með persónu, sem hlær eitt augnablik að alls engu, og skælir það næsta fyrir alveg sömu ástæður, sem er brosleit eða með ólund, sem er óþýð eða blíð, illa lynd eða glaðlynd, hávaðasöm eða þegjandi, ákaflynd eða kaldlynd, allt á sömu mínútunni,— (það er ekki eg sem segi þetta, heldur þessi skáld, og þeir ættu að hafa vit á þeim hlutum), — en í veðrinu eru ókostir slíks fyrirkomulags mjög eftirtakanlegir. Kvennmanns tár gera mann þó ekki gegnvotann, og kaldlyndi hennar orsakar þó ekki brjóstveiki og gigt, eins og austan-vindurinn. Mér stendur hér um bil á sama um reglulegann illviðrisdag, en þessir dagar sem eru alt og ekki neitt, eiga ekki við mig. Það gerir mér súrt í geði að sjá heiðbláann himininn yfir mér, þar sem eg geng áfram rennandi

votur, og það er eitthvað svo ertandi, að sjá hvernig sólin skín eftir helliskúr, eins og hún vilji segja: Þú ert þó ekki votur? Ja nú er eg hissa! Eg var bara að gjöra að gamni mínu!

Það er enginn tími til að opna eða loka regnhlíf í Apríl, sérstaklega ef það er sjálfhreyfi-regnhlíf.

Eg keypti einusinni regnhlíf í Apríl, og eg átti í miklu stríði með þá regnhlíf. Eg þurfti að fá mér regnhlíf, svo eg fór inn í búð á Strandgötunni og sagði þeim að eg þyrfti að fá regnhlíf.

„Hverskonar regnhlíf?“ spurði búðarmaðurinn.

„Eg vildi helst fá regnhlíf, sem hlífir fyrir rigningunni, og ekki er hægt að skilja eftir í járnbrautarvagni,“ svaraði eg.

„Reyndu eina, sem opnast sjálf,“ sagði búðarmaðurinn.

„Hverskonar regnhlíf er það?“ spurði eg.

„O, það er fyrirtaks áhald,“ svaraði maðurinn, með ákefð.

„Hún opnast og lokast sjálf.“

Eg keypti eina, og komst að raun um að hann hafði sagt satt; hún opnaðist og lokaðist sjálf.

Eg réði bókstaflega ekkert við hana. Þegar að byrjaði að rigna, — og þá rigndi aðrar hverjar fimm mínútur, — reyrdi eg að fá regnhlífinna til að opnast, en þá vildi hún ekki hlaupa af; og eg stóð og hristi hana og gerði alt sem í mínu valdi stóð, meðan regnið heltist niður. Svo, á sama augnabliki sem upp stytta, þandist hún út, alt í einu, og enginn vegur að ná henni saman aftur. Og svo varð eg að ganga í glaða sólskini, með regnhlíf yfir hausnum, óskandi að það byrjaði strax að rigna aftur, svo fólkíð héldi ekki að eg væri vitlaus.

Þegar hún lokaðist þá gerði hún það svo ófyrirsjáanlega að eg misti hattinn.

Eg veit ekki hvernig á því stendur, en það er samt óneitanlegur sannleikur, að ekkert gerir mann eins framúrskarandi hlægilegan, og að missa hattinn. Tilfinningin um óbætanleg vandræði, sem rennur niður eftir hryggnum á manni, þegar maður finnur að höfuðið er bert, er eitt hið sárasta böl sem mannlegt hold er undirorpið. — Og svo kemur eltingaleikurinn við hattinn, með alla þá hunda, sem nálægir eru, á hælunum

á manni; svo er maður viss með að fella um koll þrjá eða fjóra saklausa krakkaanga, reka sig á feitan náunga og skella honum ofan á einhverja barnskerruna og þeyta nokkrum kerlingum út í bleytuna. Ofan á allt þetta bætist svo bjánalega gleðin í áhorfendunum, yfir óförunum, og svo útlit hattsins, þegar maður hefir loksins náð honum.

Að öllu samanlögðu þá er vorið í bæjunum hreinasta ómynd. Það er ágætt úti á landi, eins og eg hefi sagt, en í bæjum sem hafa yfir 10,000 íbúa ætti að afnema það. Í ljótu verksmiðjunum er það eins og barn, það á þar ekki heima, og ekki heldur innan um rykið og hávaðann á strætunum. Það er eitthvað svo sorglegt að sjá aumingjana litlu vera að reyna að leika sér á forugum strætunum. Þessar vesalings litlu mannverur, sem enginn lítur eftir, og enginn virðist kæra sig neitt um. Þau eru ekki börn. Börn eru bjarteygð, sælleg og hálf feimin. Þessi eru óhreinir skrækróma álfar, með fól og mögur andlit og ójafnan hásan hlátur.

Vor lífsins, eins og vor ársins, var til þess ætlað að vera ruggað í hiani grænu kjöltu náttúrunnar. Okkur í bænum færir vorið ekkert annað en neþjuna og rigningsuddann.

Við verðum að leita vorsins í blaðlausu skógunum, með fram sveitavegunum, á móunum og hæðunum, ef við viljum finna hinn hlýja anda þess. Þar er vorið dýrðleg endurnýjung. Þjóttandi skýin, vindurinn og hreina bjarta loftið, fylla mann með þrek og nýjar vonir. Lífið, eins og landslagið í kring um mann, sýnist stærra og frjálsara — glitrandi braut, sem liggur að huldu marki. Í gegn um rifurnar, sem skifta skýjunum, er eins og maður komi sem snöggvast auga á hina ómælanlegu dýrð, sem umsveipar þennan litla heim, hlýr blær berst til manns þaðan, á vængjum hinna viltu storma.

Einkennilegar hugsanir, sem við ekki skiljum, hreyfa sér í hugum okkar. Raddir kalla okkur til starfa, til að gjöra eitthvað stórt. En við skiljum ekki þýðingu þeirra ennþá, og bergmálið í sálum okkar, sem svarar, er óskýrt og lágt.

Við réttum út hendurnar, eins og börn eftir ljósinu, við reynum að grípa, — við vitum ekki hvað. Hugsanir okkar eru

eins og drengsins í kvæðinu, langar — fjarska langar hugsanir, og fjarska óskýrar, við sjáum ekki fyrir endann á þeim.

Og þannig hlýtur það að vera. Allar hugsanir, sem gægjast út fyrir þennan þrönga heim, hljóta að vera óskýrar og óákveðnar. Hugsanirnar, sem við getum gripið til fulls, eru mjög litlar hugsanir — að tveir og tveir eru fjórir — að þegar við erum hungruð er gott að borða, — að ráðvendni er „hyggindi sem í hag koma.“ — Allar stærri hugsanir eru óákveðnar og of stórar fyrir veslings barnalega heilann okkar. Við sjáum aðeins óljóst í gegn um þokuna, sem sveipar okkar stutta lífssvið, og aðeins heyrum óminn af hinum mikla, ólgandi sæ fyrir handan.

G. Á. Þýddi.



HALLFREÐUR VANDRÆÐASKÁLD.

KAFLAR ÆR ERINDI ÞVÍ, ER

GÍSLI JÓNSSON, PRENTARI

FLUTTI Á MENNINGARFÉLAGSFUNDI ÞRIÐJUDAGSKVÖLDIÐ 26. MAÍ 1908.



ÞEGAR eg var svolítill hnokki á barnsaldri, las eg fyrst söguna af honum Hallfreði Vandræðaskáldi. Og þá skildist mér, að líkindum af auknefninu, sem öll vandræðin hans hefðu verið í því fólgin, hve báglega honum lét, eins og svo mörgum lætur enn, að fella hugsanir sínar í stuðla. Nú hefi eg lesið söguna aftur, eftir full tuttugu ár, og eg kemst að þeirri niðurstöðu, að vandræðin Hallfreðar hafi stafað af flestu öðru fremur en því, hve þungt honum veitti, að fella orð sín og hugsanir í hendingar og ljóðstafi, né hve torvelt honum gæzt, að finna þeim höggstað.

Eg ætla mér nú öldungis ekki að fara að rita neina vísindalega ritgjörð um Hallfreðarsögu né heldur um Hallfreð sjálfan.

Til þess tel eg mig vanferan. En eg ætla mér einungis að benda á nokkur hin augljósustu vandræðin hans, eins og mér skiljast þau, og þá helst þau vandræðin, er mér finnst mest loða við Íslendingseðlið enn í dag. Því eg ætla sumsé að staðhæfa, til þess að minsta kosti að gefa fundinum eitthvert umræðuefni, að saga Hallfreðar sé saga íslenzku þjóðarinnar, vandræði hans hennar vandræði, og lundarfar hans og eðli Íslendinga eðlið.

Vér erum allir, að minsta kosti þjóðræknunum mennirnir, hreyknir af því að vera Íslendingar, hreyknir af því að vér séum af góðum ættstofni sprottnir, að vér séum að mörgu leyti kostabjóð, gáfubjóð, mentafús þjóð, frjálssynd þjóð, skynsamleg í trúarefnum og ofstækislaus, gjarnir á, að krækja ekki alla hlykki á almannaleið, né binda bagga vora sömu hnútum og samferðamenn, eins og skáldin hafa svo fagurlega komist að orði. En vér verðum jafnframt að játa, að vér séum á ýmsan hátt vandræða þjóð. Vér höfum verið alt of einrænir, of ráðríkir hver í annars garð, of ófélagslyndir, of trúgjarnir á stundum, of gjarnir á daður og flýruhátt við höfðingja og útlendinga. Vér erum of lítil þjóð, of dreifðir og of fátækir, og á óhentugri hnattstöðu. En stærstu vandræðin eru þó konungadýrðin og „sundurlyndisfjandinn“, er oss lærist seint að senda „út á sextugt djúp“, eins og skáldið kvað.

Þetta hvorttveggja gekk líka að Hallfreði. Hann sótti frámunalega eftir hylli konunga og höfðingja, en var á sama tíma óvinsæll og ekki við alþýðuskap.

En lítum nú um stund yfir söguna. Hallfreður er bóndason úr Húnaþingi. Hann ólst upp með afa sínum, og byrjar hin eiginlega saga hans á þessari lýsingu:

„Hann var snemma mikill ok sterkr, karlmannlegr ok skolbrúnn nokkut ok heldr nefljótr, jarpr á hár ok fór vel; skáld var hann gott ok heldr níðskárr ok margbreytinn; ekki var hann vinsæll.“

Sagan hefði vel mátt bæta við, að hann hefði verið nokkuð kvennsamur eður til ásta hneigður, því fyrsta atriði sögu hans er kvennamál. Bóndadóttir ein nefnist Kolfinna. Hann ann henni hugástum, en fæst ekki sökum sérlyndar sinnar til þess

að kvongast, er faðir hennar vill þrengja honum til þess. Honum er auðsjáanlega hvítleiður kaupskapurinn, sem þá tíðkaðist og enn tíðkast í einkamálum, því ást hans til Kolfinnu þolir engin bönd; svo álítur hann ekki sæmilegt, að taka vanakrókinn á leiðina, og vill heldur vera „vættidraugur en vægja,“ vill heldur verða stólpum héraðs og hofa til hneykslis og ásteytingar, heldur en hafa á meðvitund sinni, að hann fari að hrossakaupum. Dánúmennirnir taka nú það heiðarlega ráð, að fastna Kolfinnu æruverðum, nærsýnum öldungi, er leggst svo á eitt með hinum að svívirða Hallfreð.

Háheiðarlega fólkið, sumt kristna kyrkjufólkið, hefir haldið því fram, svo eg hefi heyrt, og viljað láta líta svo út, að Hallfreði hafi aldrei þótt vænt um Kolfinnu, hafi aðeins viljað tæla hana til óskírlífis við sig. Dæmi þar hver um sem vill, en eg hygg óþarfa að andmæla slíku; ekkert er fjær skaplyndi Hallfreðar. Hann ann henni auðsjáanlega af heilum hug. Sést það ljóslega á svari því, er hann gaf föður sínum, er hann ætlaði að neyða hann til utanferða: „Eigi hirði ek, faðir, hversu þú gerir gerð þessa, ef Gríss á eigi Kolfinnu.“ Og er faðir hans kvað svò skyldi þó vera: „Hver man mér þá trúrr, ef faðirinn bregzt.“ Þetta sést og á vísu þeirri, er hann orti í hafi, þegar hann sigldi til Noregs um sumarið:

„Fúss emk enn þótt ossu
 áföll drepi stáli
 —Mjök skýtr mornar vaki—
 minnask við Kolfinnu,
 þvít algrundar endisk
 áttgóðrar mér trúðu
 betr munum nú nytja
 nærr en heitit væri.

Aðalefni vísu þessarar er þetta: „Skip vort skrífur mjög, en þótt áföllin skelli á súðunum, þá er eg enn jafnfús að mynnast við Kolfinnu, því nú ann eg ágætiskvendi þessu meira en þó hún væri heitkona mín.“ Sama kemur víðar fram í kveðskap hans, og er næst síðasta vísan, er hann kvað skömmu fyrir andlát sitt í hafi, auðsjáanlega kveðin til Kolfinnu. Þar getur

hann þess til, að hún, hin tilkomumikla kona, muni syrgja andlát sitt, þrátt fyrir það að hann hafi áður valdið henni hrygðar.

Þetta er talandi vottur stöðuglyndis Hallfreðar, og um leið vandræðaskáldsins. Ást hans á Kolfinnu, og ef til vill eftirsjáin eftir Ólafi konungi Tryggvasyni útaf fráfalli hans, gjörði Hallfreð að þreyjulausum og hvarflandi landflóttamanni. En það er af því, að Hallfreður er, eins og þjóðin í heild sinni, sjálfum sér sundurþykkur. Hann elskar, en getur notið, af því honum er óljúft að ganga undir jarðarmen vanans, og af því hann vildi ekki eða gat ekki beygt skap sitt.

Mun ekki líkt ástatt enn í landi voru? Spyrjið skírflís-prédikarana „Vestan hafs og Austan“, og svo blessaðar landhagsskýrslurnar með lausaleiksbörnin svonefndu. Því hve mörg þeirra skyldu ekki vera afleiðing eins hreinnar og drenglyndrar ástar yfirleitt og þeirrar, er ríki og kyrkja lögleyfa og leggja blessun sína yfir? Jú, Íslendingar eru samt áreiðanlega í heild sinni stöðuglyndir, þegar um viðkvæmustu tilfinningar þeirra er að ræða, þótt margir kveði svo á, að þeir sé kaldir og kærleikslitlir (og lauslátir) í daglegri umgengni og félagslífinu, því ytra.

Næst verður þá að líta yfir trúarlíf Hallfreðar. Sumir hafa haldið því fram, að hann hafi verið trúhneigður, þar á meðal Dr. Helgi Pétursson í hinum ágæta fyrirlestri „Úr trúarlífi Forn-Íslendinga.“ Hann segir þar hiklaust, að hann hafi verið kristinn maður, og aðal atriði trúarjátningar hans óttinn við Helvíti. Hann byggir þessa staðhæfingu sína á síðustu vísu Hallfreðar, enda er það eina atriðið í sögu Hallfreðar, er bent geti í þá átt. En mér finnst mjög varhugavert að byggja svona skýlausa staðhæfingu á einu einasta atviki, ekki sízt þegar öll önnur atriði sögunnar benda í gagnstæða átt. Því verður að vísu ekki hrint, að talsvert hefir hlotið að loða við hjá honum af kristniboðs rugli og helvítistrú Ólafs konungs. Og í þessari umræddu andlátsvísu bregður fyrir dálíttilli æðru fyrst í stað, sem stafar frá kristninni, en sé vísan lesin með athygli, þá sést fljótt, að óhugsandi er, að Hallfreður hafi kveðið hana eins og hún er í handritinu. Síðari hluti hennar, sem lýsir svo greinilega kjarki og rólyndi heiðna Íslendingansins, verður, eins og vís-

an nú hljóðar, ein stór hugsunarvilla, eða að minsta kosti vægar sagt, lítt skiljanleg.

„Veitk at vætki sýtumk,
valdi guð hvar aldri
—dauðr verðr hverr—nema hræðumk
helvíti— skal slíta.“

Hvernig getur maðurinn hugsanrétt sagt, að sér detti ekki í hug að sýta eða æðrast, en vera þó hræddur um að hann fari til Helvítis? Nei, tilgáta Valdimars Ásmundarsonar, að í stað „nema“ hafi átt að standa „né“, er miklu sennilegri og í fyllra samræmi við rím og allan hugsunarhátt Hallfreðar. Ekkert er heldur eðlilegra, en að munkar þeir eða klerkar, er söguna rituðu og afrituðu hafi rangfært vísuna kyrkjunnar og trúnni í vil. Það var svo algengt í þá daga og er reyndar enn. Sögufölsun á sér stað á öllum stöðum og tímum og hefir þrifist ekki sízt innan vébanda kyrkjunnar.

En hvað sem öllu þessu líður, hvort Hallfreður hefir verið trúmaður eða trúlítill á sönginn, sem flest atriði sögunnar benda til, eins og til dæmis vera hans í Svíþjóð og kvonfang hans til heiðinnar konu þar, og enn margt fleira, þá er þó það eitt víst, að honum svipar að því leyti til fjölda nútíðar Íslendinga, að hann trúir því einu, sem honum er geðþekkast, enda þótt hann verði að láta

„Óðins kyn fyr róða,“

og sé jafnframt

„ . . . neyddur frá Njarðar
niðjun Krist at biðja,“

á meðan hann var hjá Ólafi konungi og í Noregi. Þar er honum nauðugur einn kosturinn, að beygja skapsmuni sína, því þá var við ramman reip að draga, þar sem var Ólafur konungur, er bæði var mikilmenni og illmenni, og auk þess einvaldur, og kunnur að því einu, að beita valdi sínu, og beita því óvægilega og á alt annað en drengilegan hátt, ef um andblástur var að ræða. Allar þær trúarbragðávísurnar hans Hallfreðar eru þunglyndisleg ásökun og umkvörtun undan trúboðsofríki Ólafs konungs. En þegar litið er til atburða sögunnar, er samt

nærri undravert, hversu mjög Hallfreður gat náð svipuðum tangarhöldum á Ólafi, og hann var sjálfur beittur.

Í ástamálunum varð hann sjálfum sér vandræða skáld, í trúarefnunum Ólafi konungi.

Þarna svipar einstaklingnum aftur til fjöldans eða heildarinnar. Hallfreður er að vísu neyddur Krist að biðja, en sá nauðungar sáttmáli er þó ekki skilyrðislaus. Hann tryggir sér grið fyrir ókomnum skærum með skírninni og með því að neyða Ólaf til þess að vera guðföður sinn. Kaupskapur var góður í trúmálum, í ástamálum var hann óþolandi. Trúin sjálf var Hallfreði einmitt ekkert aðalatriði. Gull og gersemar og gott brautargengi hins vegar mikils virði, og vel þess virði að taka skírn fyrir minni hlunnindi.

Þjóðin í heild sinni byrjaði sína kristnisögu með því, að skírast láta, svo eigi sundraðist friðurinn, eins og komist var að orði á alþingi árið 1000. Og enn gengur margur í söfnuðinn í því skyni að aukist gæti vegur, álit og verslun hans. Það er nú ein tegundin vandræðaskálda vorra tíma.—

Ög þá er eg kominn að þriðju hliðinni í sálarlífi Hallfreðar. En hún er sleikjuskapið, eftirsóknin eftir lofi erlendra höfðingja og konunganáð. Að þannig hafi verið háttað ráði Hallfreðar í raun og veru, sést bezt á því, að hann lét sér alls ekki nægja hylli Ólafs konungs eins, heldur sótti á fund ýmissa annara þjóða- og héraðshöfðingja, og orti um þá orustubragi og lofdrápur í launa og heiðursskyni. Þetta tíðkaðist reyndar mjög meðal íslenzkra skálda þá, og átti sjálfsagt beztan og mestan þátt í því, ásamt hirðvistum Íslendinga í heild sinni, að veikja lýðveldissinni þeirra og smeygja inn sundurlyndi og óánægju hjá þeim, er mest áttu um stjórn landsins að fjalla.

Fyrir þetta skaplyndi sitt fékk Hallfreður að vísu silfur og metorð. En fyrir það, eða sem afleiðing af því, varð hann að gjörast handgenginn einum hinum versta harðstjóra og níðingi, —fyrir það varð hann að neyðast til að láta af trúarskoðunum feðra sinna, án þess að sannfæring réði úrslitum, — fyrir það varð hann að dansa sem trúður í konunga höllum og yrkja lítt nýt hræsnis og hróskvæði, hégómagjörnum konungmönnum til

lofs og dýrðar, — og það sem enn var mest um vert: hann varð að selja drengskap sinn við konungshylli — dýrðlegustu aðals-einkenni norrænu trúarinnar og norræna eðlisins. —

Þar slapp hann þá vonum betur, svo vart mun dæmi slíks um þá, er Ólafs erindi áttu að reka. Hann var sumsé sendur til skattheimtu fyrir konunginn á hendur höfðingja eins, er nefndist Þorleifur hinn Spaki, eins hins ágætasta manns, er ekki hafði þó fengist til að taka saltið í munn sér né klæðast hvítavodunum að boði Ólafs. Og skatturinn, er Hallfreði var falið að heimta, var hvorki annað né minna en höfuð Þorleifs eður bæði augu hans að öðrum kosti. Hallfreði tókst að svíkjast að Þorleifi og sló út annað auga hans. Var þá sem hann sæi fyrst, hvert niðingsverk hann var að vinna, því hann gaf Þorleifi bæði höfuðið og hitt augað. Er svo að sjá líka, sem Hallfreður hafi ekki þótst þekkja mynd konungsins á skattpeningnum — auganu Þorleifs — því á heimleiðinni stakk hann út auga eins hirðmanns konungsins, óþokka þess, er eitt sinn hafði fengið því áorkað, að Hallfreður var dæmdur til lífláts, þvert ofan í æfilangt griða loforð konungs við Hallfreð.

Það er enginn tími til þess hér, né heldur er það ætlan mín, að rekja stjórnarsögu Íslendinga í þessu sambandi. En óneitanlega benda ýms atriði alla leið ofan frá 1262 í áttina. Um síðasta liðinn, yfir standandi tímenn, er sögunnar einnar að dæma. En betur að niðjar vorir hefðu ekki ástæðu til að segja neitt svipað um konungadýrkun núlifandi stjórnfraðinga eða afleiðingar hennar, og hér hefir sagt verið um Hallfreð.

En svo eg víki betur að síðasta umræðuefninu, metorða sóttinni og útlendingdýrðinni, — þá virðist það einmitt hafa verið og vera enn ein aðalvandráði eða skaplöstur Íslendinga. Ekki svo að skilja, að metnaðarþrá geti ekki verið góð og gagnleg, ef henni fylgir skynsemi og framsóknarþrá þroskaðs mannsanda. En eg á við þessa krabbavöxnu metorðagirnd, sem stingur upp höfðinu hingað og þangað, til dæmis til þess að keppa um sætið við altarishornið, um meðhjálpara-embættið, um eldabuskustöðuna hjá sýslumanninum eða kaupmanninum, eða þá að komast í kunningsskap við póstmeistarann eða bakarann,

af því að þeir eru ef til vill norskir eða danskir. Þá má nú ekki gleyma því, hvað það er álitid fínt og tilkomumikið hérna megin hafsins, að fá sér enskt nafn í stað ruddalegu íslenzku nafnanna, — látast gleyma Íslenzkunni, ekki sízt þegar menn eru eða þykjast vera að ræða og rita um vísindaleg efni, — verða smámæltir á *ess*-inu, — og um fram alt, þegar enskurinn er í námd, að láta þá ekki vitnast þjóðerni sitt. Heima var um eitt skeið álitin ósvinna, ef æðstu embættismenn landsins voru Íslendingar. Nú er sá tími liðinn. En til skamms tíma var þó auðmýktar og undirgefnis svipurinn auðsær, ef gylltum hnöppum og bordalagðri húfu brá fyrir auga. Hér er ekki heldur laust við það sama, ef undir hyllir hvasst nef og kertan hnakka. Sú undrasýn boðar sem jafnast nærveru enska þjóðernisins. Heima var varla talið samilegt um eina tíð, að tala annað en dönsku á almannafæri í kaupstöðum eða á höfnum úti. Hér gengur jafnvel guðlasti næst, að tala Íslenzku á strætum úti eða mannamótum, og það þótt mannamótin séu Íslendinga einna. Ef svo stendur á, að Íslenzka er á vörum landans, þegar enska nefið ryksar fram hjá, þá er um að gjöra að vera nógu snar að segja: „Yes, I know, but . . .“, en svo gjörir ekkert til um áframhaldið, því enskurinn er fokinn úr áheyrn.

Enn eru ótalin ein vandræði Hallfreðar. Á þau hefir reyndar verið drepid áður í öðru sambandi. Hann þurfti langt of oft að láta til sín heyra. Hann var að vísu eitt hið bezta skáld síns tíma. En engum dylst samt, að mikið af því, er eftir hann geymist, er ekki til orðið fyrir andlega þörf stórrar sálar, heldur til þess að láta þá, er uppi lifðu á hans dögum, vita af því, að hann var til og var nafnkenda vandræðaskáldið hans Ólafs konungs.

Þessi vandræða eiginlegleiki Hallfreðar virðist einna átak-anlegast hafa komið fram á oss Vestur-Íslendingum. Nálega hver maður, er penna getur valdið, ýmist yrkir eða ritar um öll möguleg og ómöguleg vísindi og óvísindi, milli himins og jarðar, í jörð og á og það, sem í himninum býr. En mest er þó þjarkið og þrástaglið um það, er engann varðar eður fáa að eins, og engum getur orðið að liði. Blöðin sjálf líta stundum

engu líkar út en sorpkýrnur þær, er í bakgerðum standa, og hafðar eru til að safna í úrgangi þeim, er engum getur leugur að liði orðið, en öllum stafar mein af. Það er alls ekkert launmæli, að fjöldi fólks er stóránægður með blöðin í núverandi mynd. Hver maður fullskynjandi, með óskertri velsæmis-tilfinningu, og nokkurnvegin heilbrigðri skynsemi á heimting á, að málefni mannfélagsins séu rædd í blöðunum nokkurnveginn hlutdrægnislaust, með skynsemi og sanngirni, í staðinn fyrir skammir og lítt nýtt þrátt, sem er hverjum góðum manni viðbjóður, — að dálítill greinarmunur sé gjörður á málefnum — þeim allra vitlausustu ekki gjört alveg eins hátt undir höfði og t. d. menningarmálum þjóðarinnar, — að ekki sé heldur slengt saman mönnum og málefnum, né góð málefni látin gjalda framsögumanna sinna. Enn fremur eigum vér, sem Íslendingar, þá skylduhönk á baki þeirra, að þau varðveiti og viðhaldi aðals-eign vorri, tungunni, í stað þess að steypa henni kollhnýs og gjöra hana að hálfenskri skrípamynd — að þau haldi heiðri vorum á lofti óskertum, í stað þess að narta hann í hælinn í hvert sinn er óhlutvandur pennadólgur býður aðstoð sína, — að þau gangi á undan fjöldanum og beini hugsun hans fram á leið til menningar og hugsanafrelsis, í stað þess að feta á eftir og leita fullnægingar í krókóttri sporslóð almenningsálitsins.

Ef vér nú viðurkennum, að hið fyrtalda í öllu þessu sé það, er blöðunum ber að gjöra, þá verður fyrir oss sú spurning: Gjöra þau það? Sérhver má svara því, eins og honum bezt fellur. Eg fyrir mitt leyti ætlast ekki til þess af þeim, eins og þau eru nú, — á meðan þau eru ýmist andlega hölt eða handarvaða, sum litblind, önnur einsýn, sum eins og snígillinn með augun framan á löngum trjónum, til þess að geta gætt nógu vandlega í kringum sig, áður en hann vogar sér út úr skelinni. Hvort þessu er þannig varið af því, að mennirnir, er blöðunum stýra, vita eða vilja ekki betur, eða hinu, að fjöldi kaupendanna neyði þau til að renna í núverandi farvegi, eða það stafar frá enn öðru æðra eða ósýnilegra valdi, skal látið öldungis ósagt. En hitt er víst, að þetta þarf að breytast.

Og það breytist. Því þótt skynsemdar og velsæmis kröfur

fólksins hafi á stundum verið þaggaðar niður eða kæfðar með langvinnum erli og argaþrasi, um lengra eða skemra skeið, þá er þó ávalt „maðurinn gullið, þrátt fyrir alt“, þegar að sverfa hlekkirnir. Oss skortir ekki svo mjög vitsmunina sem áráðið. til þess að leggja hönd á höldu og reyna að stýra voru andlega flaki frá strandi. Vér, sem höfum í frá upphafi kynslóða vorra haft áráði farfuglsins til að kanna ónumin höf og lönd, vér ættum einnig að minnast þess, þegar um landnám andans er að ræða,— að

„djarfmannlegt áráði' er eldstólpi sá,
er eyðimörk harðstjórnar leiddi' okkur frá,
og guð, sem mun gefa' okkur landið!“ — — —



Undir Hraundranga

Í sælublíðum sunnanblæ
eg sat þar marga stund,
er röðull steig úr svölum sæ
og silfurdöggin græddi fræ,
um milda morgunstund.

Eg fann þar dalsins yndi og yl
svo ástarhlýtt og rótt,
er lautar blómin léku til
og lækjarúðinn vætti gil,
og vakti vorið hlýtt.

En fuglinn söng sín frjálsu ljóð
við frjálsa hlífarrós,
og elfan sveigðist sumarhljóð,

sem silfurband í ljóssins glóð,
að svölu, n sævar ós.

Já, þar var dagsins draumaland,
mig dreymdi *líka* þar,
er geislinn lagði band við band
af björtum himins stjörnu sand
og jörðin brosið bar.

Eg reisti marga helga höll
af himinviðum þeim,
og beztu lífsins ljósín öll
þar lýstu andans draumafjöll
í horfnum, sokknum heim.

En dranginn hár við himinský
hann hló og grét í senn,
hann vissi að sólin vermdi hlý,
en var það ekki bernska ný
því vetur vakir enn?

Og þessi litlu blómabörn
í brekkum draumalands,
það mat hann aðeins vonarvörn
en voru það ekki drottins börn,
því ástin hún er hans?

Ó, því að deyða lítið ljós
þú lífsins sólar guð?
Ó drottinn, því að dæma rós
sem dreymir meira kærleiksljós?
—Eg get það ekki guð!

Það svífa fyrir sjönum manns
svo svípleg ástaljós,
en leiti maður ljósgjafans

og lífshvildar í geislum hans,
þá var það vetrar rós.

Hún lýsir aðeins dauft og dimmt
í draumum mannsandans,
því hér er allt svo grimmdar grimmt
sem gjörir jafnan ljósið dimmt
í þraut og þokudans.

En vex þá enginn kærleikskranz
um konung þessa lífs?
Jú, aðeins geislinn æskumanns
sem eygir veg að dyrum hans,
en kemst ei lengra lífs.

Pálmi Einarsson.



SÁLMURINN á fremstu síðu, eins og allir munu kannast við, er sami sálmur og þýðing séra Stef. Thorarensens í Nýju Sálmaþókinni No. 443 að því undanskildu, að hér fylgir þýðandinn sama kveðanda og er á frumtextanum og bætir engu við það, sem var hjá höfundinum. Þýðingin er gjörð fyrir rúmum 3 árum síðan.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kúpu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.